

Eftirfylgni: *Framkvæmd og utanumhald ramma-samninga*

Útdráttur úr skýrslu frá árinu 2011

Í skýrslunni [Framkvæmd og utanumhald rammamninga](#) (október 2011) gerði Ríkisendurskoðun grein fyrir niðurstöðum úttektar sinnar á því hvernig stjórnvöld halda utan um upplýsingar um kaup stofnana og fyrirtækja ríkisins á vörum, verkum og þjónustu samkvæmt rammamningum Ríkiskaupa. Markmið slíkra samninga er að ná fram bestu kaupum fyrir opinberar stofnanir með föstum skilmálum um fyrirhugað heildarmagn innkaupa og verð sem jafnan er nokkuð undir almennu listaverði.

Samkvæmt lögum nr. 84/2007 um opinber innkaup jafngilda rammamningar útboði og eru allar stofnanir og fyrirtæki sem rekin eru að helmingi eða meira fyrir almannafé sjálfkrafa aðilar að þeim. Þeim ber jafnframt að notfæra sér þá eða segja sig frá þeim með formlegum hætti áður en þau kaupa inn utan rammamninga hnígi gild rök að slíkum innkaupum. Fjármála- og efnahagsráðuneyti og Ríkiskaup þurfa að samþykkja úrsögnina.

Aðild stofnana og fyrirtækja ríkisins að rammamningum Ríkiskaupa felur ekki aðeins í sér ótvíræða skuldbindingu stofnana og fyrirtækja að beina kaupum sínum til þeirra sölu- eða þjónustuaðila sem samningarnir ná til. Í *Innkaupastefnu ríkisins* (2002) var velta samninganna einnig notuð sem tiltekið markmið, þ.e. þar var stefnt að því að hún ykist um 30% árlega næstu fjögur ár. Þetta skyldi bæði gert með því að fjölga vöruflokkum sem kerfið nær til og með því að fjölga virkum notendum sem hagnýta sér kerfið.

Í skýrslunni um *Framkvæmd og utanumhald rammamninga* vakti Ríkisendurskoðun sérstaka athygli á því að bókhald ríkisins veitir engar upplýsingar um hvort eða að hve miklu leyti stofnanir og fyrirtæki ríkisins nota rammamninga við innkaup. Við mat sitt á veltu þeirra styðjist Ríkiskaup alfarið við skilgreinar söluaðila. Þær greinar séu um margt gallaðar og ófullnægjandi auk þess sem nokkur hætta sé á villum við úrvinnslu þeirra, m.a. vegna rangra eða úreltra kennitalna. Af þessum sökum sé erfitt að hafa eftirlit með því að hve miklu leyti stofnanir og fyrirtæki nota samningana og meta árangur þeirra og sparnað fyrir ríkið.

Að mati Ríkisendurskoðunar var mikilvægt að færa þessi mál til betri vegar og tryggja að stjórnvöld hafi jafnan aðgang að trúverðugum upplýsingum um veltu rammamninga. Stofnunin beindi því eftirfarandi tveimur ábendingum til fjármálaráðuneytis (nú fjármála- og efnahagsráðuneyti) sem lögum samkvæmt fer með opinber innkaup:

- ✓ Ríkisendurskoðun telur óviðunandi að stjórnvöld séu alfarið háð upplýsingum frá söluaðilum við mat á kaupum samkvæmt rammamningum og árangri þeirra kaupa.
- ✓ Mikilvægt er að fjármálaráðuneyti bæti verkferla og bókanir vegna innkaupa þannig að marktækar upplýsingar um stöðu rammamninga og framkvæmd þeirra verði aðgengilegar.

Í viðbrögðum sínum frá 5. október 2011 við þessum ábendingum tók ráðuneytið undir sjónarmið Ríkisendurskoðunar um að bæta þyrfti upplýsingar um mat á kaupum samkvæmt rammamningum og árangri þeirra kaupa. Jafnframt kvaðst ráðuneytið mundu setja af stað vinnu við fjárhagskerfi ríkisins (Orra) til að festa í sessi verklag sem tryggir að innkaup séu samkvæmt rammamningum og auðveldar framkvæmd og utanumhald. Vinna þessi tengdist náið innleiðingu rafrænna innkaupa.

Eftirfylgni 2014

Í samræmi við staðal Alþjóðasamtaka ríkisendurskoðana (INTOSAI) um stjórnsýsluendurskoðun (ISSAI 3000) fylgir Ríkisendurskoðun hverri úttekt eftir með sjálfstæðri athugun á því hvort og þá hvernig brugðist hafi verið við ábendingum hennar. Í því sambandi leggur stofnunin megináherslu á að kanna hvort þeir annmarkar eða veikleikar sem hún vakti athygli á séu enn fyrir hendi. Slík eftirfylgni fer alla jafna fram um það bil þremur árum eftir útgáfu skýrslu.

Í bréfi fjármála- og efnahagsráðuneytis til Ríkisendurskoðunar frá 20. febrúar 2014 svaraði ráðuneytið því hvort og þá hvernig brugðist hefði verið við ábendingum Ríkisendurskoðunar frá árinu 2011. Ráðuneytið tekur þar enn á ný undir sjónarmið Ríkisendurskoðunar og greinir frá starfi vinnuhóps sem unnið hafi undanfarin misseri að stefnu-mótun og gerð framkvæmdaáætlunar um rafræn innkaup. Þeim hópi sé m.a. falið að meta hvaða lausn sé best til þess fallin að halda utan um upplýsingar um notkun ramma-

samninga. Jafnframt tekur ráðuneytið fram að niðurstöður vinnuhópsins verði kynntar innan skamms.

Niðurstaða og ítrekaðar ábendingar

Ríkisendurskoðun fagnar því starfi sem fram fer innan fjármála- og efnahagsráðuneytis til að leysa þann vanda sem stofnunin vakti athygli á í skýrslu sinni árið 2011. Að mati Ríkisendurskoðunar gengur vinnan þó fullhægt og enn liggur úrlausn mála ekki fyrir. Stofnunin telur því rétt að ítreka ábendingar sínar frá árinu 2011 í óbreyttri mynd:

- ✓ Ríkisendurskoðun telur óviðunandi að stjórnvöld séu alfarið háð upplýsingum frá söluaðilum við mat á kaupum samkvæmt rammasamningum og árangri þeirra kaupa.
- ✓ Mikilvægt er að fjármála- og efnahagsráðuneyti bæti verkferla og bókanir vegna innkaupa þannig að marktækar upplýsingar um stöðu rammasamninga og framkvæmt þeirra verði aðgengilegar.

Ríkisendurskoðun þakkar fjármála- og efnahagsráðuneyti aðstoð og upplýsingar við vinnslu þessarar eftirfylgniskýrslu. Ráðuneytið fékk einnig drög að skýrslunni til umsagnar og gerði ekki athugasemdir við þau. Viðbrögð þess við ábendingum Ríkisendurskoðunar eru birt hér:

Viðbrögð fjármála- og efnahagsráðuneytis

„Ráðuneytið tekur undir sjónarmið Ríkisendurskoðunar og telur að þörf sé á upplýsingakerfi rammasamninga til að halda utan um samningana, hafa eftirlit með notkun þeirra og fylgjast með lykiltölum til að geta tryggt hagkvæmni og skilvirkni í innkaupum hins opinbera. Á vegum ráðuneytisins er unnið að stefnumörkun á sviði innkaupamála og í þeirri vinnu verða veikleikar núverandi fyrirkomulags greindir og lögð fram aðgerðaráætlun um úrbætur í framhaldi.“